

25. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara.
 26. *Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt samþykktum SSV.

Samþykkt þessi, sem samin er af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 1. júlí 2002.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Hríseyjarhrepps nr. 381/1999, með síðari breytingum.

51. gr. samþykktarinnar orðast svo:

51. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

- A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:
 Oddvita sveitarstjórnar og varaoddvita.
- B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
1. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 2. *Jafnréttis- og félagsmálanefnd*. Þrír aðalmenn og þrír til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
 3. *Umhverfisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til sveitarstjórnar um fegrun staðarins, holræsamál o.fl.
 4. *Menningar- og ferðamálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til sveitarstjórnar um málefni ferðaþjónustu. Nefndin sér um rekstur bókasafns skv. 7. gr. laga um almenningubókasöfn nr. 36/1997 og vinnur að öðrum menningarmálum á vegum sveitarfélagsins.
 5. *Hafnarsamlag Eyjafjarðar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
 6. *Atvinnumálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin vinnur að og kemur með ábendingar til sveitarstjórnar um atvinnumál.
 7. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
 8. *Skólanefnd grunnskóla, tónlistarskóla og leikskóla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 18. og 19. gr. laga um grunnskóla nr. 49/1991, samkvæmt lögum um leikskóla nr. 48/1991 og lögum um fjárhagslegan stuðning tónlistarskóla nr. 75/1985.
 9. *Æskulýðsnefnd*. Þrír aðalmenn og þrír til vara. Nefndin hefur eftirlit og umsjón með æskulýðs- og íþróttastarfi á vegum sveitarfélagsins, sbr. íþróttalög nr. 64/1998 og lög um æskulýðsmál nr. 24/1970.

10. *Samninganefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin semur við starfsmenn sveitarfélagsins um kaup og kjör.
11. *Búfjáreftirlitsmaður*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
12. *Fulltrúi í stjórn Heilsugæslustöðvar Dalvíkurlæknishéraðs*. Einn aðalmaður í stjórn og annar til vara á móti Dalvíkurbyggð, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
13. *Fulltrúi í byggingarnefnd Eyjafjarðar*. Einn aðalmaður og annar til vara, sbr. samning um rekstur á byggingarfulltrúaembætti fyrir Eyjafjarðarsvæðið frá 12. desember 2001 og skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997.
14. *Heilbrigðisnefnd Norðurlandskjördæmis eystra*. Sveitarstjórnir í héraðsnefnd Eyjafjarðar skipa einn aðalmann og einn til vara, Akureyrarbær tvo aðalmenn og tvo til vara, Húsavíkurbær skipar einn aðalmann og einn til vara og héraðsnefnd Þingeyinga einn aðalmann og einn til vara, alls fimm aðalmenn og fimm til vara.
15. *Fulltrúi í héraðsnefnd Eyjafjarðar*. Einn aðalmaður og annar til vara, sbr. samþykktir um héraðsnefnd Eyjafjarðar.
16. *Fulltrúi á aðalfund Eyþings*. Einn aðalmaður og annar til vara, sbr. samþykktir Eyþings, Sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.
17. *Fulltrúi á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn aðalmaður og annar til vara.
18. *Fulltrúi á aðalfund Fiskeldis Eyjafjarðar hf.* Einn aðalmaður og annar til vara.
19. *Fulltrúi á aðalfund Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar*. Einn aðalmaður og annar til vara.
20. Sveitarstjórn fer með verkefni annarra þeirra nefnda sem ekki eru tilgreindar í samþykktinni skv. 2. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Hríseyjarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 3. júlí 2002.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Guðjón Bragason.

REGLUR

**fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag Bláskógabyggðar,
Grímsnes- og Grafningshreppa.**

1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshreppa er skipuð 2 fulltrúum frá Bláskógabyggð, 2 fulltrúum frá Grímsnes- og Grafningshreppi, 1 fulltrúa frá Þingvallanefnd og 1 fulltrúa frá Skipulagsstofnun. Fulltrúar Þingvallanefndar og Skipulagsstofnunar hafa full réttindi annarra nefndarmanna fyrir utan atkvæðisrétt.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndar er að endurskoða gildandi svæðisskipulag fyrir umrædd